

## Umsögn

**Efni:** Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga með síðari breytingum (afnám lágmarksútsvars).

**Viðtakandi:** Umhverfis- og samgöngunefnd alþingis

Fyrir umhverfis- og samgöngunefnd alþingis liggur frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 4/1995 með síðari breytingum um afnám lágmarksútsvars. Skrifstofa borgarstjórnar hefur óskað eftir að Fjármálaskrifstofa veiti umsögn um frumvarpið.

Frumvarpið er afar einfalt og felur í sér verði það samþykkt að lögbundið lágmarksútsvar, sem nú er 12,44%, í 1. mgr. 23. gr. verði fellt brott.

Af frumvarpinu má ráða að hugmyndin með því að afnema lágmarksútsvar sveitarfélaga muni leiða til jákvæðrar samkeppni þeirra á milli á grundvelli lægri útsvarsgreiðslna. Til að þessi hugsun gangi upp þarf að gera ráð fyrir því að sveitarfélög fái fyrst og fremst tekjur af eigin íbúum. Svo er ekki á Íslandi. Lítil og veikburða sveitarfélög geta ekki staðið undir grunnþjónustu með tekjum af eigin íbúum. Því rennur hluti af innheimtu útsvari á höfuðborgarsvæðinu til þess að lítil og tekjuminni sveitarfélög geti haldið úti grunnþjónustu.

Skatttekjur ríkisins af Reykvíkum mynda digran tekjustofn inn í jöfnunarkerfi sveitarfélaga sem síðan er m.a. notaður til að bæta litlum og veikburða sveitarfélögum dræmar útsvarstekjur. Þessi framlög fara í gegnum Jöfnunarsjóð og nefnast útgjaldajöfnunarframlög. Reykvíkingar greiða jafnframt sérstakt útsvar, 0,77% af útsvarsstofni (atvinnutekjum) Reykvíkinga, sem renna einnig í gegnum Jöfnunarsjóð til að styðja við rekstur grunnskóla í öðrum sveitarfélögum, ekki síst vegna skóla í dreifbýli sem eru óhagkvæmir í rekstri.

Minni sveitarfélög fá sum hver meira en helming tekna sinna á þennan hátt frá skatt- og útsvarsgreiðendum í öðrum sveitarfélögum til að standa undir nauðsynlegri grunnþjónustu. Spurningin sem vaknar er hvort til standi að afnema þetta jöfnunarkerfi. Það að afnema lágmarksútsvar þýðir að sveitarfélag sem fær jafnvel um helming skatttekna sinna frá íbúum annarra sveitarfélaga getur lagt á lægri skatta en þau sveitarfélög sem standa undir hluta af útgjöldum viðkomandi sveitarsjóðs. Það verður að spyrja hvort eðlilegt er að sveitarfélög sem nýtur framlags frá öðrum sveitarfélögum í gegnum jöfnunarkerfið geti hlífst eigin íbúum við að taka þátt í sameiginlegum útgjöldum með mikilli lækkun útsvars.

Í öllum sveitarfélögum Norðurlanda er hámarks- og lágmarksútsvar sveitarfélaga fest í lög og er svigrúm þeirra til hækkunar eða lækkunar útsvars aðeins um eitt prósentustig. Að hverfa frá því á Íslandi er meiri breyting en virst getur í fyrstu því þar með væri jafnframt rofin hin sæmilega sátt sem



ríkt hefur um að íbúar stærri sveitarfélaga greiði útsvar til hinna minni til að þau geti veitt grunnþjónustu.

*Birgir Björn Sigurjónsson,*  
fjármálastjóri